

Nd.

597. Breytingartillögur

[162. mál]

við frv. til laga um verðlagsmál.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Með verðlagsákvæðanir fer fimm manna nefnd, verðlagsnefnd. Nefndarmenn skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, þegar þessi lög taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans.

Til vara:

Síðari málsgr. 1. gr. orðist svo:

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, ræður meiri hluti þingkjörinna nefndarmanna úrslitum.